


Reykjavíkurborg  
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. apríl 2009  
Tilvísun: UST20090200016/ksj

## **Breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Tímabundin aðstaða fyrir fisflug á Hólmsheiði**

### **Breytingar á stígakerfi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst Umhverfisstofnun þann 3. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Í tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur felst að fundinn er tímabundinn lendingastaður fyrir fisflug á Hólmsheiði, og einnig eru sýndar breytingar á stígakerfi.

Fram kemur í inngangi að nokkrir staðir hafi verið skoðaðir sem ný svæði fyrir fisflug þegar aðstaða í Úlfarsárdal var lokað. Aðrir staðir sem komu til greina voru Kjalarnesið, Álfsnes, Sandskeið og austurhluti Úlfarsárdals við Skyggni. Niðurstaða forathugunar var sú að Hólmsheiðin væri eini álitlegi kosturinn innan marka Reykjavíkur.

### **Útivist og náttúruvernd**

Í aðalskipulagi er Hólmsheiðin öll skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Fram kemur í umhverfisskýrslu að engin skipulögð frístundaiðja er í næsta nágrenni svæðisins, en að leiðir hestamanna liggja nærri svæðinu. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á stígakerfi sem miðar að því að koma í veg fyrir hagsmunárekstra milli hestamennsku og fisflugs. Ofangreint svæði er ekki á friðlýstu svæði og er ekki á svæði á náttúruminjaskrá.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2001-2024.

Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Olafur A Jónsson

Deildarstjóri

Skipulagsstofnun